

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Magnús Tryggvason, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Guðrún Pálsdóttir og Árni Stefánsson.

Afboða, mæta ekki : Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir

Fundur 05.05 2026 settur kl. 18.00

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

1. Mót og starfsemi

- a. IMOC var haldið í Reykjanesbæ daganna 1 og 2. maí. Eins og alltaf þá var mikið fjör á mótinu en 86 keppendur tóku þátt og syntu 357 einstaklingssund og 32 boðssund. Mótið fór vel fram og þökkum við ÍRB fyrir gott samstarf. Sunddeild Breiðabliks sigraði á mótinu og óskum við þeim til hamingju með það.
- b. Umsóknum um að halda SSÍ mót á næsta sundári verður komið út til félaganna í vikunni. Umsóknir um mót inn á atburðadagatal SSÍ fyrir næsta sundár er til umræðu hjá þjálfurum og verið að reyna að samræma betur aðgerðir þar. Yfirmaður landsliðsmála mun koma upplýsingum á þjálfara um það.
- c. Hörður Oddfríðarson ritari stjórnar mætti á aðalfund Sundfélagsins Ægis og bar félaginu kveðjur frá stjórn SSÍ. Félagið hefur sýnt góðan viðsnúning í rekstri og þetta var jákvæður og góður fundur.
- d. Farið var yfir stöðu kerfismála frá síðasta fundi og lögð fram kynning til Wise til samþykktar en freistað þess að fá þá í samstarf við okkur sem þjónustuaðila kerfa okkar. Formaður, mótastjóri og framkvæmdastjóri taka fundi til að undirbúa þetta frekar með aðkomu ÍSÍ.
- e. Formaður og yfirmaður afreksmála ásamt Kjell Wormdal framkvæmdastjóra sunddeildar ÍA áttu fund með bæjarráðsfólki á Akranesi ásamt yfirmanni íþróttamannvirkja bæjarins vegna fyrirhugaðrar sundlaugabyggingar á sundlaug að Jaðarsbökkum, íþróttasvæðis Akranes. Fundurinn var gagnlegur og aðallega til upplýsinga á báða bóga. Bæjaryfirvöldum á Akranesi virðist full alvara með að byggja 50 m sundlaug á Jaðarsbökkum og hefur unnið ýmsa grunnvinnu til að svo geti orðið sem fyrst.
- f. Mótastjóri SSÍ fundaði með Abler til þess að fá beintengingu í kerfi þeirra þannig að við höfum beinan aðgang að fjölda meðlima í hreyfingunni. Niðurstaðan er sú að við eigum að geta tengst þessu kerfi og fengið þessar upplýsingar. LGG tekur málið áfram.
- g. Fundað hefur verið með Valdimari hjá Sjórvæðingunni vegna Íslandsmótsins í Open Water sem haldið verður 22. júlí. Búið er að fá tilboð í baujur frá Aqasport og einnig er komið tilboð í flögur frá timatokur.is en öll mót af þessu tagi notast við slíkan tímabúnað núorðið.
- h. Það verður ekki haldið þjálfararáðstefna á vegum SSÍ á þessu ári en SSÍ hefur sent út bréf á hreyfinguna þar sem það hvetur þjálfara að kynna sér ráðstefnur í Tallinn, Orlando og Köln síðar á þessu ári.
- i. Farið var yfir bréf frá ÍSÍ vegna kostnaðarþátttöku ungmenna í landsliðsstarfi. Breyting hefur verið gerð á úthlutunarreglum þannig að styrkir eru veittir hvort sem kostnaður er greiddur af foreldrum, íþróttafélögum eða sérsambandi og þar með hefur verið tekið tillit til röksemdafærslu sem SSÍ hefur komið fram við Afreksmiðstöð.
- j. Síðari hluta fundar þá viku starfsmenn af fundi og stjórnarfolk fór yfir uppsögn Eyleifs Jóhannessonar sem óskað hefur eftir að láta af störfum og taka við nýju starfi sem þjálfari í Danmörku. Farið var yfir stöðuna og leiðir ræddar til að skapa samfellu í afreksstarfi

SSÍ þannig að árangur síðustu ára tapist ekki. Farið var yfir bréf sem formaður sendi á stjórn og starfsfólk og málin rædd frá ýmsum hliðum. Niðurstaðan var sú að fá hóp ráðgjafa í hreyfingunni sem Magnús Tryggvason veitir forstöðu til að gefa stjórn ráðleggingar í þessum málum. Þessi hópur er skipaður, auk Magnúsar, þau Ragnar Guðmundsson, Ragnheiður Runólfsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir og Eðvarð Þór Eðvarðsson. Formaður talar við þetta fólk en gert er ráð fyrir að hópurinn skili af sér tillögum fyrir næstu mánaðamót.

2. Afreksmál

- **30-31. mars fór fram tæknigreining og sundmæling fyrir landsliðsfólk.**
Strax að ÍM50 loknu var EMU og EM50 hópnum boðið að taka þátt í tæknigreiningu í Laugardalslaug. Johan Settenberg framkvæmdi greininguna. Daginn eftir fóru fram sundmælingar fyrir afrekslandslið þar sem Ragnar Guðmundsson stjórnaði.
- **9-12. apríl tók Snæfríður þátt í Malmsten Swim Open í Stokkhólmi.**
Snæfríður synti 3 greinar; 50, 100 og 200 skriðsund. Í 200 skriðsundinu synti hún á 1:59.48 í A-úrslitum greinarinnar, og hafnaði í 5. sæti. Einnig náði Snæfríður inn í A-úrslit í 100 skriðsundi, þar sem hún náði 6. sætinu á 55.65. Í 50 skriðsundi hafnaði hún í 2. sæti í B-úrslitum á 25.91. Eftir mótið fór hún í sundmælingar í Hjörning í Danmörku. Eyleifur var með í þessu verkefni.
- **25-26. apríl æfingahelgi fyrir Framtíðarhóp í Laugardal.**
230 einstaklingar frá 7 félögum tóku þátt í helginni. Stemmingin góð og æfingar gengu vel hjá hópnum. Helgin hófst með fyrirlestri Agnesar Þóru Arnardóttur um næringu og heilsu, en einnig hélt Ragnheiður Runólfsdóttir fyrirlestur um feril afrekskonu og Eyleifur Jóhannesson kynnti landsliðskerfið. Á æfingu var tímataka í 200 skrið fótum og 50 flug fótum, en að henni lokinni var haldið skemmtilegt hópefli í Keiluhöllinni þar sem hópurinn keppti sín á milli í keilu. Á sunnudeginum var fyrirlestur fyrir foreldra sem gekk vel.
- **Lágmörk fyrir Heimsmeistaramótið í 25 m laug - 1-6. desember 2026 í Beijing.**
Eins og áður hefur komið fram á stjórnarfundum, hefur Eyleifur lagt til að við gerum harðari kröfur fyrir HM25 í Beijing í desember. Þessar tillögur hafa verið kynntar þjálfurum sem eiga sundfólk í afrekslandsliði. Markmiðið er að senda minni og sterkari hóp í þetta langa og dýra verkefni. Nýta svo Norðurlandameistaramótið fyrir annað landsliðsfólk

Verkefni framundan

- **8-10. maí Taastrup Open (Framtíðarhópur).**
12 keppendur taka þátt í mótinu og Bjarney verður fararstjóri, Daníel Lúkas og Hilmar Þjálfarar.
- **23-25. maí AP Race International (Landsliðshópar)**
22 keppendur taka þátt í mótinu og Bjarney fararstjóri, Dadó, Eyleifur og Steindór Þjálfarar.
- **29-30. júní Norðurlandsmót Æskunnar í Osló**
3 keppendur taka þátt í mótinu og Marzena Kempisty fararstjóri og Daníel Lúkas þjálfari.
- **7-12. júlí Evrópumeistaramót Unglinga í Munchen**
6 keppendur taka þátt í mótinu og Bjarney fararstjóri, Dadó þjálfari og Hlynur sjúkráþjálfari.
- **13-26. júlí Æfingabúðir fyrir EM50 hópinn á Mallorca.**

10 manna EM50 hópur tekur þátt, Eyleifur fararstjóri, Dadó – Kjell – Mladen – Steindór þjálfarar. Hólmfríður verður nuddari frá 16. júlí. Hólmar og Vala koma með henni í búðirnar eftir EMU.

- **10-16. ágúst Evrópumeistaramótið (EM50) í París (valið eftir ÍM50)**

10 keppendur taka þátt, nuddari verður Hólmfríður, þjálfarar Dadó og Steindór. Ekki alveg komið á hreint með síðasta starfsmanninn.

3. Fundargerðir innan SSÍ

Farið var yfir fundargerðir dómaranefndar nr. 140, 141 og 142

4. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
27.04.2026	Bikar og flokkamót ÍF	ÍF/MR
29.04.2026	Öspin og Fjörður vegna Special Olympics	Ösp/HH
04.05.2026	Kostnaðarþáttaka ungmenna	ÍSÍ/KSR

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum				

6. Staðfesting meta / afreka

Unglingamet

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
Met af IMOC eru í fylgiskjali láta fylgja með					

7. Önnur mál:

- Formaður hefur átt nokkra fundi með NSF, norræna samstarfinu, þar sem það stendur til að leyfa jafnvel sundfólki frá Rússlandi og Hvíta-Rússlandi að keppa á alþjóðlegum mótum undir eigin fána. NSF er mjög á móti þessu og ætlar að beita þrýstingi innan EA en búist er við að það muni slakna á þessum reglum á næstunni þar sem fleiri lönd eru komin í stríð og staðan er að verða nokkuð snúin. Á hinn bóginn eru aðilar innan NSF sammála um að halda þrýstingi þó svo að búast megi við því að það beri jafnvel ekki árangur.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.30